

Sþ.

147. Fyrirspurnir.

[126. mál]

I. Til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um æskulýðsmál.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað liður framkvæmd laga um æskulýðsmál, sem samþykkt voru á síðasta þingi?

II. Til iðnaðarráðherra varðandi rannsóknir á virkjunarmöguleikum í Skjálfandafljóti og Jökulsá.

Frá Jónasi Jónssyni og Gísla Guðmundssyni.

Hvað liður rannsóknum á virkjunarmöguleikum:

- a) í Skjálfandafljóti við Íshólsvatn,
- b) framhaldsrannsóknum í Jökulsá á Fjöllum, við Dettifoss.

Hve mikið var unnið að þessum rannsóknum á s. l. sumri?

III. Til menntamálaráðherra varðandi tannviðgerðir skólabarna.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvaða ástæður liggja til þess, að nú hefur ríkissjóður hætt að greiða hluta af tannviðgerðum skólabarna á mótí sveitarfélögum?

IV. Til landbúnaðarráðherra um nýjar heyverkunaraðferðir.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Hvaða rannsóknir hafa verið gerðar samkvæmt þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á síðasta þingi um nýjar heyverkunaraðferðir?

Hefur landbúnaðarráðuneytið kynnt sér sérstaklega heyverkunaraðferð þá, sem Benedikt Gíslason frá Hofteigi hefur látið gera? Ef svo er, hver er niðurstaðan?